

## Sandra Björgvinsdóttir

---

**From:** Atli Þorvaldsson <clementattle45@gmail.com>  
**Sent:** mánudagur, 19. júní 2017 17:43  
**To:** Samtök sv.félaga á hb.svæðinu  
**Subject:** Borgarlína - umsögn  
**Attachments:** kringlan-hfjbsi1.jpg; kringlan-hfjbsi2.jpg; kringlan-bsihfj.jpg; kringlan-artbsi.jpg; kringlan-bsiart.jpg; arbborgarlina.jpg; Borgarlína.docx

Góðan dag

Ég sendi hér umsögn mína sem áhugamaður um Borgarlínu.  
Þetta eru ábendingar um hvernig haga mætti aðkomu að Kringlu m. a.  
Máli mínu til stuðnings koma fram hugmyndir sem kallast á við það sem Reykjavíkurborg hefur talað fyrir.  
Meðfylgjandi eru myndir af tillögunum:

- nr. 1 úr suðri, gegnum Kringlu og vestur
- nr. 2 sama leið, nema Morgunblaðshúsið víkur fyrir reinum/teinum
- nr. 3 úr vestri, gegnum Kringlu og suður
- nr. 4 úr austri, gegnum Kringlu og vestur
- nr. 5 úr vestri, gegnum Kringlu og austur
- nr. 6 styttri leið inn í Árbæ

Með kveðju,  
Atli Freyr Þorvaldsson,  
nemi í umhverfis- og byggingarverkfræði og áhugamaður um skipulag og samgöngur.

## Borgarlína-tillögur

Til þess að fá fólk til að nota almenningsamgöngur í Kringluna, mæli ég með því að færa fólknið nær húsinu, en nú er (stöðvar við Kringlumýrarbraut og Miklubraut).

- Leiðir á kortum sína hvert og hvernig megi útfæra aðkomuna, en þá er gert ráð fyrir í einni tillögu að gamla Morgunblaðshúsið víki, eins og ég hef séð í fréttum um mögulegt skipulag svæðisins.

Þessi rein milli VR-hússins og Kringlunnar er tilvalin í notkun á almenningsamgöngur og fin göngubrú þar yfir sem myndi gera mikið fyrir upplifun fólks á svæðinu. Einnig eru þarna um að ræða stóra vinnustaði allt um kring, sem og framhaldsskóla.

- Bæði er sýnt hvernig leiðir úr Hafnarfirði í átt að BSÍ/Miðbæ og öfugt, sem og úr austurborginni á sama áfangastað, gætu litið út.

Sömuleiðis legg ég tillögu þess efnis að Laugavegur frá Hlemmi upp að Katrínartúni, sé algjörlega tekinn frá fyrir Borgarlínu og hliðargötur lokaðar af. Það kallast á við góða upplifun á nýju Hlemmtorgi sem mun skarta flottri mathöll.

Að síðustu harma ég ákvörðun um að Árbæjarleið hafi verið tekin út. Vitað er að af þessum þremur hverfum vestast austan við Elliðaár (Grafarvogur-Árbær-Breiðholt) er Árbær fámennastur og líklega fara fæstir um með Strætó þar.

- Hins vegar notar fólk ekki almenningsamgöngur á þeim stöðum þar sem þjónustan er minnst.
  - Legg ég til stutta leið inn í hverfiskjarnann, og til að mynda mætti stytta leiðina í:
    - Vellina í Hafnarfirði um 820 m (stoppa við Ásvelli)
    - 600 m stytting í Grafarvogi (fara áfram eftir Gullinbrú--framhá Gufunesi, þar sem miklar hugmyndir eru um sjálfbæra byggð og Borgarlína myndi hjálpa þar til)
    - 500 m stytting í Breiðholti (fara Stekkjarbakkan upp Breiðholtsbraut og inn í Fell)


Auka reinar/teinar upp í Árbæ yrðu aðeins 2 km og því væri búið að jafna út styttingarnar að ofan. Þessar styttingar fælu í för með sér meiri skilvirkni og styttri ferðatíma og upplifun farþega.














Vegalengd: 3,5 km X

